

18. gr.

Hitaveitustjóri og eftirlitsmaður hans skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að hitalögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té þær upplýsingar, er máli geta skipt um hitun hússins.

Dætur á heimæðum.

19. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdætur við heimæðar, nema skriflegt leyfi hitaveitustjóra sé fyrir hendi og þannig sé frá dælu gengið, að ekki valdi óþægindum.

Tákn.

20. gr.

Sjá blaðsíðu 757.

Viðurlög við brotum.

21. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitustjóri hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er þá hitaveitustjóra heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Dalvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

G J A L D S K R Á**Hitaveitu Dalvíkur.**

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Dalvíkur selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Dalvíkurhrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfestri 11. des. 1970 um hitaveitu og hitalagnir á Dalvík.

2. gr.

Hitaveita Dalvíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Húseigandi lætur setja still-

anlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Tillaga A:

1. Fast gjald kr. 150.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Vatnsgjald kr. 250.00 á mánuði fyrir hvern mínútultr. í hámarksstillingu hemils. Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitan lætur notanda í té kranavatn endurgjaldslaust, er miðast við eftirfarandi sem meginreglu: Þeir, sem kaupa 1 ltr. af ofnavatni fá til viðbótar 5–6 ltr. af kranavatni. Fyrir hvern viðbótarlítra af ofnavatni lækkar kranavatnsviðbótin um 0.5 ltr. Notendur, sem óska eftir meira kranavatni greiði mánaðarlega kr. 25.00 fyrir hvern mínútulitra. Notendur, sem eingöngu kaupa kranavatn, greiði fast gjald kr. 2400.00 á ári fyrir 4 lítra á mín. Fyrir hvern lítra umfram 4 greiði hann kr. 25.00 á mánuði. Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

Misnoti notandi kranavatn að dómi hitaveitustjóra, getur hann án fyrirvara lokað fyrir rennsli þess.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Dalvíkurhrepps. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m³ að utanmáli kr. 20 000.00 og kr. 30.00 á m³ þar yfir.

8. gr.

Gjöld samkv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. nóv. 1970. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Dalvíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 250.00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Dalvíkur skal hvenær sem er frjálss aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

G J A L D S K R Á

Hitaveitu Húsavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð staðfestri 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.